

25.01.2010

Tilkynning vegna úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála um samruna Eignarhaldsfélagsins Vestia ehf. og Teymis

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfestir með úrskurði sínum, sem upp var kveðinn. föstudaginn 22. janúar, samruna Teymis hf. og Eignarhaldsfélagsins Vestia ehf. sem er dótturfyrirtæki Landsbankans. Nefndin segir í úrskurði sínum að hún telji ekki lagagrundvöll til að ógilda samrunann eins og áfrýjandi fór fram á og fallist hún á rök Samkeppniseftirlitsins um það. Áfrýjunarnefndin fellst hins vegar á varakröfu áfrýjanda í málinu og leggur fyrir Samkeppniseftirlitið að setja samrunanum skilyrði er varða meðal hversu lengi Vestia á hlutafé í Teymi.

Eignarhaldsfélagið Vestia var stofnað af hálfu Landsbankans til að takast á við fordæmalausar aðstæður, þar sem augljóst var og er, að fjöldi fyrirtækja mun ekki geta greitt af skuldum sínum við banka og aðrar lánastofnanir og þau verða því eign kröfuhafa. Með stofnun Vestia og aðskilnaði þess frá bankanum nást fram þau aðalmarkmið, að hámarka heimtur bankans af skuldsettum fyrirtækjum og auka verðmæti hlutafjár hans annarsvegar og halda tímabundnu eignarhaldi á fyrirtækjum aðskildum frá eiginlegri bankastarfsemi hinsvegar. Um leið er fylgt þeim fyrirmælum stjórnvalda um að halda skuli lífi í fyrirtækjum sé þess nokkur kostur. Samkeppnisyfirvöld hafa skoðað öll mál Vestia rækilega og aldrei gert neinar athugasemdir við fyrirkomulag fyrirtækisins, stjórnartengsl við bankann eða aðra þætti rekstrarins. Bankinn og Vestia hafa frá upphafi lagt sig fram um að vinna náið með samkeppnisyfirvöldum og aldrei aðhafst neitt sem þau ekki hafa samþykkt.

Úrskurðurinn í ofangreindu máli hefur að öllu óbreyttu í för með sér að eytt verður óvissu um samkeppnisréttarlegt rekstrarumhverfi þeirra atvinnufyrirtækja sem bankinn fer með yfirráð yfir. Það er bankanum mikið kappsmál, sem langstærsta viðskiptabanka íslenskra fyrirtækja, að reynt verði eftir föngum að koma í veg fyrir neikvæð áhrif af slíku eignarhaldi á íslenskt atvinnulíf við þær sérstæðu kringumstæður sem nú ríkja. Jafnframt verður að virða þá hagsmuni bankans er varða endurheimtur lána til slíkra fyrirtækja enda eru miklir og víðtækir hagsmunir í húfi. Munu Landsbankinn og Vestia hér eftir sem hingað til starfa náið með samkeppnisyfirvöldum og leggja sitt lóð á vogarskálarnar við að skapa það umhverfi sem best hentar.

Nánari upplýsingar veitir:

Landsbankinn – Kristján Kristjánsson

Tölvupóstur: pr@landsbankinn.is

Sími: 410 7100/899 9352



Landsbankinn